



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 67/2011

Afhending bönnuð á raffanginu „Fog Machine“

I.

Málsmeðferð

Neytendastofa hefur haft til skoðunar vörusendingu nr. *E Bru 03 01 1 De Ham R004* sem stöðvuð var af tollyfirvöldum við innflutning til landsins sbr. erindi Tollstjóra, dags. 7. janúar 2011, sem sent var Neytendastofu í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 237/1996, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í framangreindri vörusendingu voru fjórar vörutegundir, eitt raffang, svokölluð reykvél eða „Fog Machine“, og þrjár vörur sem innihéldu leysa. Tollyfirvöld töldu nauðsynlegt að senda vörurnar til Neytendastofu í samræmi við eftirfarandi ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 339/93/EB, sbr. reglugerð nr. 237/1996, en ákvæðið hljóðar svo:

“2. gr.

Ef tollyfirvöld komast að því, við eftirlit sem þau framkvæma á vörum sem settar eru í frjálssa dreifingu, að:

— *framleiðsluvara eða framleiðsluvörulota sýnir tiltekin einkenni sem vekja grun um að öryggi og heilsa geti verið í alvarlegri og bráðri hættu af völdum þeirra þegar framleiðsluvaran er notuð við venjulegar og fyrirsjáanlegar aðstæður, og/eða*

— *framleiðsluvöru eða framleiðsluvörulotu fylgir ekki skjal eða varan er ekki merkt í samræmi við þær reglur bandalagsins eða innanlandsreglur um öryggi framleiðsluvara sem gilda í aðildarríkjunum þar sem leitað er eftir leyfi til að setja vörur í frjálssa dreifingu,*

skulu þau fresta því að viðkomandi framleiðsluvara eða framleiðsluvörulota sé sett á frjálstan markað og tilkynna það þegar því yfirvaldi innanlands sem ber ábyrgð á markaðseftirliti.“

Vörurnar sem innihéldu leysa voru þess eðlis að auk gildandi ákvæða um leysa þá féll framleiðsla þeirra jafnframt undir ákvæði í lágspennutilskipun ESB nr. 2006/95/EB (LVD) og tilskipun ESB

um rafsegulsamhæfi, 2004/108/EB (EMC) en framangreindar tilskipanir hafa verið innleiddar í íslenskan rétt annars vegar í reglugerð nr. 678/2009, um raforkuvirki og hins vegar í reglugerð nr. 270/2008, um rafsegulsamhæfi.

Neytendastofu barst samræmisýfirlýsing frá Valskaupum ehf. vegna umræddrar „Fog Machine“ með tölvupósti, dags. 11. mars 2011. Gögn málsins ásamt myndum af vörunni voru send 15. mars 2011, til Aðalskoðunar hf. sem starfar m.a. að skoðun raffanga í umboði Neytendastofu. Í því felst m.a. könnun á gögnum sem varða samræmi raftækja við lög, reglur og staðla sem gilda um framleiðslu tækjanna sem framleiðendur verða að uppfylla svo heimilt sé að markaðssetja og flytja þau inn, sbr. lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, sbr. reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki.

Skoðunarskýrsla barst Neytendastofu, 28. mars 2011. Samkvæmt niðurstöðu Aðalskoðunar hf. verður ekki séð að raffangið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til raffanga, samkvæmt gildandi lögum og reglum.

Þrjár vörutegundir sem mál þetta fjallar um innihéldu leysa eins og áður hefur komið fram. Í framhaldi af óformlegum samskiptum Neytendastofu við Geislavarnir ríkisins, var Geislavörnum ríkisins tilkynnt með bréfi, dags. 16. mars 2011, það álit Neytendastofu að vörur sem innihaldi leysa telji Neytendastofa að falli undir markaðseftirlit Geislavarna ríkisins, sbr. lög nr. 44/2002, um geislavarnir svo og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum. Athugasemdir bárust frá Geislavörnum ríkisins þar sem kom fram að stofnunin vildi leita álits og staðfestingar velferðarráðuneytisins um það hvort að slíkt eftirlit væri á verk- og valdsviði stofnunarinnar.

Í framhaldi af framangreindri fyrirspurn um málið tilkynntu Geislavarnir ríkisins að stofnunin hefði tekið til nánari skoðunar og ákvörðunar þann hluta vörusendingarinnar sem varðaði vörur sem innihaldi leysa.

Við meðferð málsins hafa því orðið ófyrirséðar tafir þegar í ljós kom að valdmörk milli Neytendastofu og Geislavarna ríkisins voru ekki nægilega skýr varðandi þær vörur sem voru í þeirri vörusendingu sem mál þetta fjallar um. Var fulltrúi Valskaupa ehf. upplýstur um það þann 4. október 2011. Af málavöxtum er þó ljóst að sá þáttur málsins var fyrst skýrður með ákvörðun Geislavarna ríkisins í fyrri hluta október mánaðar 2011, þegar að stofnunin tók til meðferðar og úrlausnar þann þátt málsins sem snýr að vörum sem innihalda leysa.

Í ljósi niðurstöðu Geislavarna ríkisins var Valskaupum ehf. sent málið, ásamt öllum gögnum, til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. október 2011 og gefinn frestur til 20. október 2011, til að koma á framfæri sjónarmiðum eða frekari gögnum áður en ákvörðun yrði tekin í málinu. Í bréfinu var m.a. bent á að skv. 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera

markaðsgæslu geti Neytendastofa bannað afhendingu vöru en einnig skv. ákvæði 22. gr. sömu laga væri stofnuninni heimilt að leggja þá skyldu á framleiðendur og dreifingaraðila að eyða öllum eintökum vörunnar.

Ekkert svar barst.

II. Niðurstaða

Einungis er heimilt að markaðssetja vöru sem uppfyllir kröfur laga og reglugerða hverju sinni. Öll rafföng sem markaðssett eru á Íslandi skulu uppfylla ákvæði um öryggi sem fram koma í reglugerð nr. 678/2009, um raforkuvirki og reglugerð nr. 270/2008, um rafsegulsamhæfi, sbr. einnig ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Í 9. gr. laga nr. 134/1995 segir:

„Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar“.

Í 2. gr. laga nr. 134/1995 segir: *„Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru“.* Samkvæmt ákvæði 4. gr. laganna getur m.a. innflytjandi talist vera framleiðandi vöru, sbr. nánari ákvæði laganna að þessu leyti. Framangreindum aðilum er því óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur laga og reglna settum samkvæmt þeim og þeim ber að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að varan komist á markað, sbr. 9. gr. a laga nr. 134/1995.

Samkvæmt meginreglum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, ber Neytendastofu að grípa til og gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði laganna til að koma í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu.

Neytendastofa telur að í máli þessu hafi Valskaup ehf. ekki sýnt fram á að raffangið „Fog Machine“ sem er reykvél uppfylli skilyrði sem gilda um markaðssetningu. Þar af leiðandi uppfylli raffangið ekki þau ákvæði um öryggi eða skilyrði sem fram koma í lögum og reglum sem um markaðssetninguna gilda, sbr. lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo og reglugerð sem settar eru með stoð í þeim lögum.

Í 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, er að finna eftirfarandi ákvæði, sbr. og 5. mgr. 9. gr. a:

„Eftirlitsstjórnvald getur með rökstuðningi afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu vöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn eftirlitsstjórnvalda og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu hennar.“

Af málavöxtum og gögnum málsins, þ.m.t. skoðunarskýrslu Aðalskoðunar hf. telur Neytendastofa ljóst að raffangið „Fog Machine“ uppfylli ekki kröfur til markaðssetningar, sbr. ákvæði laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt upplýsingum Tollstjóra hefur varan sem um ræðir í máli þessu ekki verið tollafgreidd.

Með hliðsjón af framansögðu er afhending vörunnar „Fog Machine“ bönnuð samkvæmt ákvæði 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og reglugerða settum samkvæmt þeim, og því ekki heimilt að afhenda vöruna til frjálsrar dreifingar á markaði, sbr. og ákvæði reglugerðar nr. 339/93/EBE eins og hún hefur verið innleidd í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 237/1996, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. einkum 6.(2). gr. reglugerðar nr. 339/93/EBE. Í tengslum við að ákvörðun Neytendastofu um að bann við afhendingu á vöru er Neytendastofu heimilt að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995, ef nauðsyn þykir vegna eðli máls.

Innflytjandi getur valið að senda vöruna aftur úr landi þegar að tollafgreiðslu er hafnað. Ef hann kys að senda vöruna ekki úr landi þá ber honum samkvæmt ákvörðun þessari að tryggja að öllum eintökum vörunnar verði fargað og eytt á viðunandi hátt og undir tolf eftirliti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 134/1995. Upplýsingar og gögn um eyðingu allra eintaka þeirrar vöru sem um ræðir í máli þessu skal þá senda Neytendastofu að eyðingu lokinni.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til ákvæða 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og reglugerða settum samkvæmt þeim, sbr. og ákvæði reglugerðar nr. 339/93/EBE eins og hún hefur verið innleidd í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 237/1996, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. einkum 6.(2). gr. reglugerðar nr. 339/93/EBE, bannar Neytendastofa afhendingu á raffanginu „Fog Machine“ til Valskaupa ehf., ábyrgðarmaður Gústaf Valberg, Smiðjuvegi 38, 200 Kópavogi.

Ákveði Valskaup ehf. að senda vöruna ekki úr landi ber Valskaupum ehf. að láta eyða undir toleftirliti öllum eintökum af raffanginu „Fog Machine“, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995 og senda Neytendastofu gögn því til staðfestingar. Valskaupum ehf. ber að tilkynna Neytendastofu innan 10 daga frá birtingu þessarar ákvörðunar hvort að vörunni verði eytt eða hún send úr landi.“

Neytendastofa 16. nóvember 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Eva Sigrún Óskarsdóttir